

Sp.

155. Þingsályktun

[20. mál]

um námskeið í meðferð fiskileitartækja.

(Afgreidd frá Sp. 7. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að Fiskifélag Íslands fái aðstöðu til að halda í öllum landsfjórðungum, svo fljótt sem verða má og ekki síðar en fyrir næstu síldarvertíð, námskeið fyrir skipstjórnarmenn á fiskiskipum, þar sem veitt verði fræðsla um gerð og meðferð fiskileitartækja, og heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað, er af þessari framkvæmd leiðir.